

Fundargerð 2008-01 --- 16. janúar 2008

Dagsetning:

Wed, 16/01/2008

Stjórnarfundur SÍSL, þriðjudagur 16. janúar 2008.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót í Reykjanesbæ.

Útsetningar. Sama hugsun er á bak við þetta mót og það síðasta sem var haldið á Höfn í Hornafirði, það er að flytja nýjar útsetningar á mótinu, sem að samtökin gefa út eftir mótið (allar nema lag Trevors Ford, þar sem það er höfundarréttarbundið í Hollandi). Austurstræti í útsetningu Össurar Geirssonar, tvö frumsamin stykki eftir Lárus Grímsson, Nína í útsetningu Martin Markvöll, Trevor Ford - Icelandic Rhapsody og útsetning af ÆSuðurnesja-Bítalagi frá Inga Garðari.

Eins og fjöldi þáttakenda gefur til kynna núna, þá munum við skipta þáttakendum í þrjár blásarasveitir og slagverkshóp. Slagverkshópurinn fær námskeið hjá Thom Hannum, prófessor við slagverksdeild University of Massachusetts og sér um Marching Percussion hóp þessa háskóla.

Stjórnendur. Á mótinu verðum við líka með gestastjórnendur frá Bandaríkjunum fyrir allar þrjár blásarasveitirnar. Þeir heita: Earl Raney, Joshua Barrol og Xydias Spiros. Allir þrautreyndir á stjórnenda pallinum.

Dagskrá. Hún er birt hér með öllum fyrirvara um breytingar.

Föstudagur - mæting, reynt verður að hafa mætingu 17 - 18. Koma sér fyrir. Matur, æfing og svo mótssetning.

Laugardagur - Morgunmatur. Æfingar. Hádegismatur. Æfingar - kynnisferð - sund - kaffi. Æfingar. Kvöldmatur. Æfingar. Ball.

Sunnudagur - Morgunmatur. Æfingar. Hádegismatur. 13:00 áætlaðir tónleikar og mótsslit.

Áætlað gjald á þáttakanda á mótinu verður 8000 kr. Sem fyrr er þetta birt með fyrirvara um breytingar!

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2008-02 --- 30. janúar 2008

Dagsetning:

Wed, 30/01/2008

Stjórnarfundur SÍSL

Stjórnarfundur SÍSL. Miðvikudagur 30. janúar 2008.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Landsmót í Reykjanesbæ.

Það virðist vera komið á hreint að hljóðfæraleikurunum verði skipt í þrjár sveitir og svo slagverkssveit. Þó svo að ekki séu allir búnir að ganga frá skiptingum í sveitirnar þá lítur út fyrir því að hver sveit verði með um 70-80 hljóðfæraleikara innanborðs. Enn er ekki fyrirsjáanlegt hversu margir verða þátttakendur á slagverksnámskeiðinu.

Matarmálin komin á hreint og verið að leggja síðustu hönd á dagskrá mótsins.

Nótnamálin komin einnig á hreint og verið að klára hönnun á bolunum.

Á ballinu á laugardagskvöldinu verður sjoppa og hörkuhljómsveit sem spilar undir dansi til miðnættis.

Aðalfundur SÍSL.

Áætlaður aðalfundur SÍSL verður 19. apríl, um hádegisbilið á stór - Reykjavíkur svæðinu. Nánari upplýsingar um staðsetningu og klukkan hvað kemur fljótlega eftir landsmót.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2008-03 --- 13. febrúar 2008

Dagsetning:

Wed, 13/02/2008

Stjórnarfundur SÍSL, miðvikudaginn 13. febrúar 2008.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Skipting í hljómsveitirnar komin á hreint. Unnið í að skipta aðstoðarmönnum niður á sveitirnar. Búið að fá aukaslagverksfólk til þess að tromma í gulu, rauðu og grænu sveitinni svo að allir slagverkleikararnir séu lausir til þess að taka þátt í námskeiðinu.

Einhverjir af kennaraliðinu verða líka notaðir á hljóðfæri þar sem vantar í hópana. Það fólk verður látið vita.

Heildarfjöldi þáttakenda er kominn upp í 311 manns.

Slagverks kennari námskeiðssins, Thom Hannum, gaf fyrirmæli um skiptingu slagverksleikaranna á hljóðfæri, þannig að ekki séu allir að mæta einungis með sneril.

Hann virðist einnig koma vel undirbúinn því borist hefur til landsins sending frá D€™Addario(fyrirtæki sem hann er að kynna fyrir) sem inniheldur vinnuefni fyrir námskeiðið og kennslubækur.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2008-04 --- 12. mars 2008

Dagsetning:

Wed, 12/03/2008

Stjórnarfundur SÍSL, miðvikudaginn 12.mars 2008.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Aðalfundur SÍSL undirbúinn. Farið yfir dagsetningar og staðsetningu fundarins. Breyta þarf dagsetningunni frá því sem áður var gefið út. Tilkynning um fundinn verður send út fljótlega. Skoðuð voru lög samtakanna og athuga þarf breytingar á þeim.

Farið yfir landsmótið í Reykjanesbæ. Ekki eru allir reikningar komnir í hús, þannig að lokastaða er ekki komin á hreint. Farið var yfir íslensku útsetningarnar sem voru notaðar á mótinu og farið í gegn um hverju þarf að breyta/bæta við þær fyrir útgáfu. Um er að ræða sex útsetningar og lög; Draumur um Nínu, Fjögur íslensk Bítalög, Mulla, Malla, Austurstrætistangó og Gott er að gefa.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir.

Fundargerð 2008-05 --- 2. apríl 2008

Dagsetning:

Wed, 02/04/2008

Stjórnarfundur SÍSL, miðvikudagur 2.apríl 2008.

Viðstödd voru: Kári Húnfjörð Einarsson, Karen Sturlaugsson og Helga Björg Arnardóttir.

Nótnaútgáfa.

Lögin frá landsmótinu eru í prentun og verða afhent 11. apríl á fundinum. Þeir sem ekki sitja fundinn fá útsetningarnar sendar. Einnig var unnið að næsta útgáfuverkefni SÍSL, sem er jólalagahefti með 9 jólalögum og 4 áramótalögum.

Hugmyndir voru ræddar um breytt og ódýrara format að gefa út útsetningar á vegum SÍSL. Hægt væri að senda útsetningarnar í PDF formi til félagsmanna á disklingi, sem myndu svo prenta út þá parta sem notaðir væri hvert sinni. Sparast myndi peningur í prentun og hægt væri að koma efninu til félagsmanna á ódýrari máta.

Aðalfundur.

Farið yfir skýrslu stjórnar.

Landsmót.

Uppgjör stendur enn yfir. Enn hafa ekki allir útistandandi reikningar borist þannig að lokatala er enn ekki komin. Athuga þarf að setja jafnvel staðfestingagjald á sveitirnar á landsmótið. Það gerðist í annað skiptið núna að stór hljómsveit dregur sig út úr mótinu á síðustu stundu og það skilur eftir sig kostnað sem fellur eingöngu á samtökin.

Rætt var um hvað vel hafði gengið og hvað mætti bæta á mótinu. Mikið var velt fyrir sér hvernig mætti halda gott mót þar sem allar sveitir eru með, A-B-C og D.

Ekki fleira rætt og fundi slitið.

Helga Björg Arnardóttir, ritari.

Fundargerð 2008-06 --- 23.maí 2008

Dagsetning:

Fri, 23/05/2008

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn 23.maí 2008 kl.10.00. Fundarstaður: Foldaskóli

Fyrsti fundur nýkjörinnar stjórnar.

Ný stjórn samanstendur af:

Jóhann Morávek, Martin Markvoll, Einar Jónsson

Fráfarandi stjórn samanstendur af: Kári Einarsson, Karen Sturlaugsson, Helga Björg Arnardóttir

Mættir: Allir úr báðum stjórnnum

1.Yfirtaka nýrrar stjórnar

a.Gögn færð milli stjórna; fjármál, félagaskrá, aðgangsorð, gamlar fundargerðir, gögn varðandi erlent samstarf ofl.

b.Kári situr enn með nótnasafn SÍSL en hyggst koma því til Einars

c.Kári upplýsir að greiðslur fyrir útsetningar hafi verið eftirfarandi: A-sveit 30 þús, B-sveit 50 þús, C-sveit 70 þús, D-sveit 90 þús

d.Kári segir fráfarandi stjórn helst hafa sinnt eftirfarandi fjórum þáttum:

d1.Útgáfa nýrra útsetninga (leggur til að spara megi í framtíðinni prentkostnað með því að prenta aðeins raddskrá en setja hljóðfæraraddir á cd sem fest verði inn á kápu raddskrárinnar)

d2.LÆ-Lúðrasveit Æskunnar.LÆ starfaði 1 á 5 árum m/prufuspil á landsmóti. LÆ ætti að hafa takmark að spila við ákveðið "grand" tækifæri.

d3.Landsmót lúðrasveita. Karen segir gott að stjórn SÍSL sjái um framkvæmd mótanna en ekki "heimamenn". Síðustu landsmót (Höfn 2007/Reykjanesbær 2008) hafi verið 2007 landsmót þannig að næsta/næstu landsmót ættu að verða haldin 2009-2010. Kostnaður hefur verið ca.2500- IKR á mann í matarkostnað (ekki m/morgunmat). Gestgjafinn hafi móttekið ca.750- IKR+250- IKR fyrir eftirmiðdagskaffi. Etv. mætti greiða gestgjafa hærrí upphæð. Einnig væri athugandi að hækka þáttökugjöldin til að styrkja SÍSL "kassann"

d4.Erlent samstarf

e.Fráfarandi stjórn telur æskilegt að samtökin hafi launaðann starfsmann, sbr. sambærileg samtök í nágrannalöndunum sem fjármögnuð eru að einhverju leiti með "lottó-peningum". Jafnframt telur fráfarandi stjórn að kanna ætti hvort grundvöllur sé fyrir stækkun samtakanna, t.d. með því að bæta inn strengjahljómsveitum, kórum og því um líku.

f. Fráfarandi stjórn þakkað vel unnin störf síðustu árin. Tónlistarlífið í landinu á þeim mikið að þakka. Fráfarandi stjórn kveður og yfirgefur samkvæmið.

2.Valið í hlutverk.

Jóhann Morávek formaður,

Martin Markvoll gjaldkeri,

Einar Jónsson ritari.

Áður höfðu varamenn verið valdið á aðalfundi SÍSL þeir Daði Þór Einarsson og Lárus Grímsson.

3.Fjárhagsleg staða samtakanna Jóhann telur að styrkja þurfi fjárhagslegan grundvöll samtakanna og að sækja þurfi fjármagn út fyrir þáttakendur og meðlimi.

Tekur Jóhann að sér að ræða við þingmann/ráðherra varðandi heillavænlegar aðferðir til þess að sækja um styrki fyrir samtökin.

Einar tekur að sér að hanna "powerpoint" kynningu á samtökunum fyrir ráðamenn.

4.Landshlutamót Jóhann telur að SÍSL ætti að hjálpa til við skipulagningu minni móta, t.d. landsfjórðungsmóta og því um líkt. SÍSL ætti etv að hjálpa til við kynningu og tengslamyndun milli sveita.

5.Kynningar á samtökunum úti á landi Jóhann telur æskilegt að kynna samtökin á landsbyggðinni, sérstaklega þar sem endunýjun hefur orðið meðal kennara, hljómsveitarstjóra og skólustjóra. Eitthvað af útlendingum sem brún þörf sé á að hjálpa til að komast inn í "bransann" og einnig að hjálpa þessum hópi í samskiptum við sveitarstjórnir og þess háttar.

Hugsanlega að halda SÍSL fundi í leiðinni úti á landi.

6.Varðveisla "menningarverðmæta" Stjórn samtakanna er sammála um að þau menningarverðmæti sem falin eru í útsetningum SÍSL á íslenskri tónlist séu umtalsverð og vert sé að varðveita.

Þess vegna beri að safna þeim öllum á einn vef sem aðgengilegur verði þeim hljómsveitum sem greitt hafi félagsgjöld.

Æskilegt sé þá að safna saman öllum tölvuskráum af útsetningum og safna þeim á eina heimsíðu.

Beri að stefna að því að skanna allar útsetningar sem ekki eru til á tölvutæku formi og tölvusetja.

Hugsanlega mætti sækja vinnuafli í vinnuskóla sveitarfélaganna til þess.

7.Önnur mál

Einar hefur orðið:

a. Stefna beri að því að ákveða landsmót 2009 sem fyrst og ákveða stað og stund með árs fyrirvara. Kanna Vestmannaeyja/Mosfellsbæ

b. Tímabært að huga að sumarnámskeiðum fyrir áhugasama blásara.

c. Félagalisti ekki til. Ekki er til félagalisti nema listi yfir hljómsveitirnar. Enginn listi er til yfir einstaklingana í samtökunum. Meira vægi við að þrýsta á ráðamenn við að sýna fram á hundruðir/þúsundir þáttakenda/meðlima heldur en lista yfir 15-25 misstarfhæfar lúðrasveitir. Þetta þarfnast frekari skoðunar með tilliti til félagafrelsis á Íslandi.

Lögfræðiaðstoð etv. nauðsynleg auk lagabreytingar á lögum SÍSL.

d. Heimasíða samtakanna þarfnast upplýftingar. Stefna beri að endurhönnunnar heimasíðunnar. Búið verði til "platform" til niðurrhals/upphald útsetninga samtakanna til þeirra sem heimildir hafa til þess. Þetta heldur nótunum á einum stað og sparar prentkostnað.

e. Ábyrgð dreyfð á meðlimi samtakanna. Brýnt er að "samtökin" verði meira "sam"-tök. Að virkja meðlimina til þátttöku í hinum ýmsu verkefnum sem liggja fyrir í nýju

umhverði/veruleika hlómlistarstarfs í landinu.

f. SÍSL ætti í auknu mæli að sinna símenntun meðlima samtakanna með námskeiðshaldi.

g. Kennaramenntun í landinu í ólestri. SÍSL ætti að athuga hvort samtökin geti beytt sér fyrir umbótum/þrýstingi á ráðamenn menntamála á Íslandi.

Fundi slitið ca.kl 15

Fundargerð 2008-07 --- 12.september 2008

Dagsetning:

Fri, 12/09/2008

Símafundur 12.sept 2008. Mættir: Jóhann Morávek, Martin Markvoll, Einar Jónsson.

Fundur settur kl. 10.38

1.Landsmót 2009	<p>Undirbúningur hafinn að landsmóti SÍSL 2009. Tveir aðilar hafa boðist til að taka við landsmóti; Skólalúðrasveit Vestmannaeyja (Eggert/Jarl) og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar (Daði).</p> <p>Á skiptu AB móti á Höfn voru ca. 512. Á skiptu CD móti í Reykjanesbæ voru ca.270</p> <p>Samkvæmt upplýsingum frá Vestmannaeyjum geta þeir tekið upp í fimm hópa. Það gæti hentað fyrir tvískipt mót, t.d. MosóAB/Vestm.CD. Mosfellingar gætu hinsvega etv. Tekið við óskiptu móti, þ.e. 1xA, 2B-,2C,1D, 1slagverk yngri, 1 slagverk eldri. Það þýðir 6 blásarasveitir og 2 slagverkshópar, samtals uppundir 8 æfingasalir. Biðja Daða um kynningu á húsnæði áður en eitthvað er ákveðið.</p>	Einar
2.Starfsmaður SÍSL	<p>Aðilar eru sammála um að æskilegt sé að hafa starfsmann á snærum SÍSL sem virkaði sem framkvæmdastjóri. Skilgreina þarf hlutverk starfsmanns en hann gæti t.d. undirbúið landsmót, uppfært heimasíðu, skipulagt sumarnámsskeið, séð um samningagerð fyrir samtökin í heild við t.d.tryggingarfélag, unnið í styrkjaumsóknum, farið á ráðstefnur erlendis ofl.</p> <p>Kostnaður við slíkan starfsmann er gróft reiknað ca.6-7 milljónir á ári meðan meðlimagjald í SÍSL er 10 þús. á ári.</p>	

	<p>Vinna þarf greinargerð um starfsmann fyrir SÍSL</p> <p>Kanna þarf nánar hvernig fjármögnun á sambærilegum samtökum er háttað í nágranalöndum, hringja í Sissel Larsen í Norsk Musikkorps Forbund</p> <p>Athuga með að einstaklingar verði félagar í SÍSL og fjölga þannig félögum og hafa etv félagagjald á einstakling. Þetta er annmörkum sett vegna félagafrelsis á Íslandi. Athuga málið</p>	<p>STJÓRN</p> <p>Martin</p> <p>Einar</p>
3.Jólanótur	<p>Útgáfa á 13 jóla og áramótallögum í fullum gangi. Fara í prentun í lok sept. Raddskrá prentuð, raddir gefnar út á netinu, á nýrri heimasíðu. Þetta sparar mikinn prentkostnað, auk þess að þá prenta stjórnendur bara út þær raddir sem við á. Ný útgáfa er þá alltaf aðgengileg og nótur týnast ekki.</p>	<p>Martin/Kári</p>
4.Heimasíða uppfærð og endurbætt	<p>Drög að nýrri heimasíðu var skoðuð og stjórnarmeðlimir fengu aðgangsorð/lykilorð. Almenn ánægja í stjórn með þessa vinnu hjá Einari og Malcolm Holloway.</p>	
5. Styrkjavinna	<p>Jóhann leitar aðstoðar hjá málsmetandi stjórnámálamönnum um aðstoð við að skilja og ná árangri í styrkumsóknum fyrir samtökin.</p>	<p>Jóhann</p>
6. Fundaform	<p>Martin leggur til að stjórn fundi með Skype í framtíðinni. Einar stingur upp á myndsímtölum á fundum. Kanna þarf tæknilega hlið og möguleika á því.</p>	

Fundi slitið 12.12 (sign) Einar Jónsson



2. október 2008

FUNDARGERÐ

Símafundur 12.sept 2008. Mættir: Jóhann Morávek, Martin Markvoll, Einar Jónsson.

Fundur settur kl. 10.38

<p>1.Landsmót 2009</p>	<p>Undirbúningur hafinn að landsmóti SÍSL 2009. Tveir aðilar hafa boðist til að taka við landsmóti; Skólalúðrasveit Vestmannaeyja (Eggert/Jarl) og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar (Daði). Á skiptu AB móti á Höfn voru ca. 512. Á skiptu CD móti í Reykjanesbæ voru ca.270 Samkvæmt upplýsingum frá Vestmannaeyjum geta þeir tekið upp í fimm hópa. Það gæti hentað fyrir tvískipt mót, t.d. MosóAB/Vestm.CD. Mosfellingar gætu hinsvega etv. Tekið við óskiptu móti, þ.e. 1xA, 2B-,2C,1D, 1slagverk yngri, 1 slagverk eldri. Það þýðir 6 bláasaraveitir og 2 slagverkshópar, samtals uppundir 8 æfingasalir. Biðja Daða um kynningu á húsnæði áður en eitthvað er ákveðið.</p>	<p>Einar</p>
<p>2.Starfsmaður SÍSL</p>	<p>Aðilar eru sammála um að æskilegt sé að hafa starfsmann á snærum SÍSL sem virkaði sem framkvæmdastjóri. Skilgreina þarf hlutverk starfsmanns en hann gæti t.d. undirbúið landsmót, uppfært heimasíðu, skipulagt sumarnámsskeið, séð um samningagerð fyrir samtökin í heild við t.d.tryggingarfélög, unnið í styrkjaumsóknum, farið á ráðstefnur erlendis ofl. Kostnaður við slíkan starfsmann er gróft reiknað ca.6-7 milljónir á ári meðan meðlimagjald í SÍSL er 10 þús. á ári. Vinna þarf greinargerð um starfsmann fyrir SÍSL Kanna þarf nánar hvernig fjármögnun á sambærilegum samtökum er háttad í nágranalöndum, hringja í Sissel Larsen í Norsk Musikkorps Forbund Athuga með að einstaklingar verði félagar í SÍSL og fjölga þannig félögum og hafa etv félagagjald á einstakling. Þetta er annmörkum sett vegna félagafrelsis á Íslandi. Athuga málið</p>	<p>STJÓRN Martin Einar</p>
<p>3.Jólanótur</p>	<p>Útgáfa á 13 jóla og áramótallögum í fullum gangi. Fara í prentun í lok sept. Raddskrá prentuð, raddir gefnar út á netinu, á nýrri heimasíðu. Þetta sparar mikinn prentkostnað, auk þess að þá prenta stjórnendur bara út þær raddir sem við á. Ný útgáfa er þá alltaf aðgengileg og nótur týnast ekki.</p>	<p>Martin/Kári</p>
<p>4.Heimasíða uppfærð og endurbætt</p>	<p>Drög að nýrri heimasíðu var skoðuð og stjórnarmeðlimir fengu aðgangsorð/lykilorð. Almenn ánægja í stjórn með þessa vinnu hjá Einari og Malcolm Holloway.</p>	
<p>5. Styrkjavinna</p>	<p>Jóhann leitar aðstoðar hjá málsmetandi stjórnámamönnum um aðstoð við að skilja og ná árangri í styrkumsóknum fyrir samtökin.</p>	<p>Jóhann</p>
<p>6. Fundaform</p>	<p>Martin leggur til að stjórn fundi með Skype í framtíðinni. Einar stingur upp á myndsímtölum á fundum. Kanna þarf tæknilega hlið og möguleika á því.</p>	

Fundi slitið 12.12 (sign) Einar Jónsson



9. október 2008

FUNDARGERÐ-STJÓRNARFUNDUR

SÍMAFUNDUR föstudaginn 3.október 2008 kl. 11.00

Mættir; Jóhann Moravék formaður, Martin Markvoll gjaldkeri, Einar Jónsson ritari, Daði Þór Einarsson varastjórn.

<p>1. Landsmót</p>	<p>Unnið hefur verið í að finna dagsetningu og staðsetningu fyrir Landsmót 2009-2010. Það er háð því hvort mót verða óskipt (ABCD-sveitir) eða skipt í tvennt (AB/CD). Tvær sveitir höfðu boðist til að taka á mót landsmóti, þ.e Skólalúðrasveit Vestmannaeyja og Skólahljómsveit Mosfellsbæjar. Daði Þór hafði svo verið beðinn að skoða hvort í Mosfellsbæ væru nógu margir salir til að hýsa svo stórt mót(t.d. AABBBCC+slagverk yngri/eldri, þ.e 8 hópar. 11.24 Daði Þór kemur á símafundinn og segir Mosfellinga ekki getað tekið á mótí svo stóru mótí þar sem viðbygging við íþróttahús verði ekki tilbúin fyrr en kannski um áramót 2010. Var því ákveðið að Jóhann biðji Vestmannaeyinga um að athuga hvort húsnæði sé laust til að halda <u>A/B mót í eyjum helgina 23.-25.október 2009.</u> Stjórn biður jafnframt Daða sem er á fundinum að bóka Sali í Mosfellsbæ fyrir <u>C/D landsmót 12.-14.febrúar 2010</u> Daði biður um að allar fundargerðir stjórnar SÍSL verði sendar út til meðlima og kveður</p>	<p>Jóhann Daði Einar</p>
<p>2.Starfsmaður</p>	<p>Starfsmaður SÍSL. Stjórn er sammála að <u>vinna þurfi greinargerð</u> um starfsmann og skyldur hans. Martin tekur að sér að <u>kanna fjármögnun á slíku í Noregi</u> og fyrirkomulag. Einar sagði að <u>félagafrelsi á Íslandi</u> hamlaði SÍSL að gera skylduáðild að SÍSL fyrir þá sem leika í skólalúðrasveitum/skólahljómsveitum í sambandinu. Einar segir þó að hugsanlega mætti setja inn á umsóknareyðublöð í skólahljómsveitir reit sem merkja mætti við hvort umsækjandi vildi vera með. Eitthvað málamynda gjald gæti þá verið á hvern einstakling. Stjórn sammála að þetta mál þyrfti að taka upp á aðalfundi</p>	<p>Stjórn næsta fundi Martin Stjórn- AÐALFUNDUR</p>
<p>3.Nótnaútgáfa</p>	<p>Nótnaútgáfa í góðum farvegi. Raddskrár komnar í prentun. Notendanöfn og lykilorð til að sækja raddir tilbúin fyrir þá sem greitt hafa. <u>Martin sendir</u> Einari uppfærðan lista yfir þá sem greitt hafa nótnapakkan. <u>Einar sendir</u> svo notendanöfn/lykilorð til notenda.</p>	<p>Martin Einar</p>
<p>4.Heimasíða</p>	<p>Vantar fleiri myndir á heimasíðu. Martin skaffar myndir og Vilborg Jónsdóttir verður beðin um að senda Malcolm myndir.</p>	<p>Einar</p>
<p>5.Styrkjavinna</p>	<p>Jóhann skoðar styrkjavinnu</p>	<p>Jóhann</p>
<p>6.Næsti fundur</p>	<p>Næsti fundur ákveðinn 17.eða 18.október 2008. Formaður boðar.</p>	<p>Jóhann</p>

Fundi slitið 12.11 (sign) Einar Jónsson



18. október 2008

FUNDARGERÐ

Fundur haldinn í Foldaskóla laugardaginn 18.október 2008. Mættir Jóhann Moravék formaður, Einar Jónsson ritari, Daði Þór Einarsson varastjórn, Lárus Grímsson varastjórn. Martin Markvoll boðaði forföll. Fundur settur kl.11.52

<p>1. Landsmót 2009-2010</p>	<p>Staðfestar upplýsingar frá Vestmannaeyjum að bóúið er að bóka 4 Salí í Vestmannaeyjum helgina 9-11.október 2009. Eggert Björgvinsson verður beðinn að fá skrifleg svör frá hverjum aðila fyrir sig. Bæjaryfirvöld hafa boðið að setja inn aukafærð fyrir Herjólf til að mæta þessum fjölda sem búast má við að fari til og frá Vestmannaeyjum. Herjólfur tekur rúmlega 550 manns. Þátttakendur eru hvattir til að taka frá miða/pláss/koju í Herjófli til að fá örugglega pláss. Fyrstu kemur fyrstur fær. Spurning er hvort SÍSL getur tekið frá 550 pláss sem deilt er svo á meðlimssveitir. <u>Eggert athuga.</u> Stjórn er sammála um að SÍSL biði heimamenn sem taka á hýsa landsmót um verkið fyrir ákveðna greiðslu á einstakling. SÍSL greiðir svo fyrir annan kostnað eins og nótur, skemmtiatriði og annað. Þetta getur orði til að styrkja fjárhagslegar stöðir samtakanna.</p>	<p>Formaður Meðlimssveitir Formaður/Eggert</p>
<p>2. Uppfærð meðlimaskrá</p>	<p>Ekki hefur verið auðvelt að fá meðlimaskrá uppfærða þar sem sveitir hætta, stjórnendur hætta, skipta um nöfn, tölvupóst og símanúmer. Þrátt fyrir tilraunir til að fá skikk á þetta mál með tölvupóst sendingum er ákveðið að hringja í allar sveitir sem skráðar hafa verið á skrá síðan 2000 og tala við hvern og einn. Stjórn og varastjórn deila verkefninu milli sín.</p>	<p>Stjórn/Varastjórn</p>
<p>3. Nótna útgáfajólapakki</p>	<p>Nótnapakkin 13 jólalög sem Martin útsetti verður sendur út á þriðjudag. Pakkin verðlagður á 19.000.</p>	<p>Martin</p>
<p>4.Nótnaútgáfa á heimasíðu</p>	<p>Tekin ákvörðun um að rakkskrár liggi ekki aðgengilegar á netinu. Þetta er til að nýjir meðlimur í SÍSL/nýjir notendur gangi ekki í eldri nótur óhindrað án þess að greiða. Vilji einhverjir fá aðgang að eldri útgáfu er það sjálfsagt mál gegn hæfilegri greiðlu. Raddskrá verður þá send í pappírformi sé það til á lager eða pdf á tölvupósti þegar greiðsla hefur borist.</p>	
<p>5. Hljóðfæraviðgerði</p>	<p>Rætt um að erfitt sé að fá hljóðfæri í og úr viðgerð. Hugmyndir uppi um að SÍSL kanni hvort hægt sé að fá til landsins hljóðfæraviðgerðamann í styttri tíma. <u>Gera þarf könnun á þörf og umfangi viðgerðanna.</u> <u>Einari</u> falið að heyrja í Kurt Nilsen fyrir brass. Kristján Stephensen nefndur til trúblástur. Á Hornafirði er ónafngreindur einstaklingur sem einnig getur gert við trúblásturshljóðfæri.Martin gat ekki fengið norskan kollega. Leit heldur áfram.</p>	<p>Formaður Einar</p>

Einar Jónsson (sign)



24. október 2008

FUNDARGERÐ

Símafundur haldinn 24.10.2008 Mættir: Einar Jónsson, ritari, Jóhann Moravék formaður, Martin Markvoll gjaldkeri.
Fundur settur kl.11.15

1. Nótnasala ný útgáfa	Almennt góð viðbrögð við útgáfu á netinu þó lítl reynsla sé komin. Gott mál	
1. Nótnasala gömlu útgáfa	Einhverjar sveitir nýstofnaðar og eiga lítið af nótum. Rætt um að reyna að selja eldra efni til þeirra sveita til að breiða út þetta efni á góðu verði og minnka nótnastaflana á lagernum. Verðhugmyndir fyrir gamalt efni: A-sveitarefni selt á 2.000.- kr. til meðlima (+1.000 ekki meðlimur) B-sveitarefni selt á 3.000.- kr. til meðlima (+1.000 ekki meðlimur) CD-sveitarefni selt á 4.000.- kr. til meðlima (+1.000 ekki meðlimur) Syrpur á mismundani stigi selt á 6.000.- kr. til meðlima (+1.000 ekki meðlimur) Stærri pakkar 15.000.- (10 ísl jólalög o.fl) Engin ákvörðun tekin.	
2. Debet kort SÍSL	Það gjaldkeri aðra stjórnarmeðlimi um að undirrita umboð til úttekta á debetkort	stjórn
3. Nótnaútgáfa á neti	Ákveðið að setja þrýsting á útsetjara eldra efnis að senda útsetningar til vefstjóra á pdf formi.	Einar

Fundi slitið kl. 11.40. sign Einar Jónsson



21.. nóvember 2008

FUNDARGERÐ

Símafundur haldinn 21.11.2008 Mættir: Einar Jónsson, ritari, Jóhann Moravék formaður, Martin Markvoll gjaldkeri.
Fundur settur kl.11.22

1. Nótasala á gömlu efni	Ákveðið að verðleggja gamalt efni sem til er á nótalager SÍSL til að liðka fyrir sölu á efni til sveita sem eru nýjar í samtökunum eða hafa týnt nótum. Verð samkvæmt ákvörðun 24.okt 2008. Setja á heimasíðu.	Einar
2.Uppfærsla á upplýsingum um sveitir samtakanna.	Of langan tíma hefur tekið að fá upplýsingar um símanúmer, stjórnendur, netföng, meðlimatölur, virkni og þess háttar frá sveitum landsins. Stjórn/varastjórn tók að sér að hringja í allar sveitir landsins og fá þetta á hreint. Setja þrýsiting á málið.	Jóhann
3. Landsmót 2009	a. Opnað er fyrir þáttöku nemanda í skólum sem ekki hafa lúðrasveit. Það þýðir að skólar geti sent nemendur á “námskeið” á landsmóti SÍSL. Reynt verður að gera hagkvæmt fyrir skóla að vera meðlimur með því að gera óhagkvæmt að standa fyrir utan, þ.e. þáttökugjald fyrir nemendur utan samtakanna herra, +2.500.- b. Einhverjar umræður um hvaða gestum væri hægt að bjóða á landsmót 2009, þ.e. einleikurum og stjórnendum. Haldið áfram með þetta má á næsta fundi c. Einhverjar umræður um hvernig Landsmót geti orðið meira spennandi fyrir hljóðfæraleikara úr stærri sveitum. Þarf að vera spennandi fyrir þau líka, sem vön eru að spila í stórri sveit.	Stjórn Stjórn
4. SÍSL KÖNNUN 2008	Send verður í nóv/des. könnun til félagsmanna með “krossaspurningum” til að átta sig á umfangi og stöðu lúðrasveita í landinu. Svarfrestur janúar 2009. Áminning send í lok desember 2008, 2.viku jan.2008	Jóhann
5. Nýja síðan	Lagfæra þyrfti “á döfinni” á nýju heimasíðunni þar sem erfitt er að lesa það. Hafa samband við Malcolm.	Einar
6. Fundargerðir	Samþykkt að senda tilkynningu á allar sveitir þegar nýjar fundargerðir eru lagðar út.	Einar

Dagskrá næsta fundar 3.b & 3.c

Fundi slitið 112.15 sign Einar Jónsson, ritari



5. desember 2008

FUNDARGERÐ AUKAFUNDAR VEGNA FYRISPURNAR FRÁ SÍL

Símafundur kl. 11.15 Mættir: Einar Jónsson ritari, Jóhann Moravék formaður, Martin Markvoll gjaldkeri

<p>1. Fyrirspurn frá SÍL</p>	<p>SÍSL hefur borist óformleg fyrirspurn frá SÍL (Samband íslenskra lúðrasveita) um samvinnu um heimasíðumál. Það SÍL um svar til að geta borið þetta undir aðalfund SÍL 13. desember. Það Jóhann formaður SÍSL Einar að kanna með hvaða hætti þetta væri hægt, kosti og galla. Einari finnst eftirfarandi:</p> <p>-Tæknilega er þetta ekki flókið. -Það væri hægt að setja sér flipa með lista yfir fullorðins lúðrasveitir og á sama hátt möguleika til að senda tölvupóst á þau sér. -Nótnasafn SÍL gæti bættst við það sem fyrir er hjá SÍL eða verið sér. -SÍL gæti skrifað fréttir af fullorðinsveitum á forsíðu alveg eins og SÍSL. -“Á döfinni” myndi nýtast á sama hátt. -“Til sölu/erum að leita að” myndi nýtast á sama hátt. -“upplýsingar” mundi verða tveir flipar, þ.e. heita SÍSL annarsvegar og SÍL hins vegar með sögulegum upplýsingum, listi yfir stjórn og þess háttar.</p> <p>Kostir: Fleiri heimsækja síðuna. Færri staðir að leita að upplýsingum um lúðrasveitir, etv. stærri nótnagrunnur. Kostnaður við vefþjón og hönnunina deildist í tvennt þar sem hver samtök greiða jafnt. Aukin samvinna milli samtakanna.</p> <p>Gallar: Þó samtökin hafi það sameiginlega markmið að stuðla að aukinni tónlistarmenningu lúðrasveita eru þetta þó tvö aðskilin fyrirbæri, hver með sín lög og starfsemi eins og landsmót. Þess vegna gæti þetta valdið misskilningi á heimasíðunni.</p> <p>Stjórn SÍSL er þó jákvæð um aukið samstarf og vil gjarnan leggja SÍL hjálparhönd ef og þegar það á við. Það er allra hagur að SÍL sé sterkt! Bent var þó á að félagslega standa SÍSL og SÍL á ólíkum stað og er því óráðlegt að rugla reitum að fullu. Metnaður innan þessarra tveggja samtaka er líka mismunandi og mætti vera samræmdari. Óskar SÍSL um umræður um þetta mál sín á milli innan samtakann og með SÍL, til að byggja megi upp öflugari blásarahefð og samvinnu í landinu.</p> <p><u>Biður stjórn SÍSL því SÍL um að móta nánari hugmyndir með hvaða hætti SÍL vill vera á heimasíðu SÍSL og svo sækja formlega um það skriflega. Síðan getur stjórn SÍSL lagt þetta fyrir aðalfund SÍSL til samþykkis. Ekkert er hægt að gera fyrr en að því samþykki fengnu.</u></p>	<p>Stjórn SÍL</p>
--------------------------------------	--	-------------------

Fundi slitið kl. 12.00 (sign) Einar Jónsson, ritari